

# Þróun handfæraveiða á makríl

## Efni: Leiðrétting á misskilningi í umsögnum til Atvinnuveganefndar um þróun handfæraveiða á makríl

Undirritaðir eru meðal þeirra sem lengst hafa stundað færaveiðar á makríl og hafa því tekið þátt í þeirri þróun sem hefur átt sér stað undanliðin sjö ár. Við höfum orðið varir við alvarlegan en einfaldan misskilning bæði í umræðu og í umsögnum einstaklinga til Atvinnuveganefndar um frumvarp sjávarútvegsráðherra um stjórn veiða á Norðaustur- Atlantshafsmakríl.

Það kemur fram í umsögnum að þeir sem hafi verið fyrstir til veiða á makríl með handfærum hafi að mestu notast við búnað sem er mjög sambærilegur og sá búnaður sem er notaður við handfæraveiðar á makríl við strendur Noregs. Það er augljóslega rétt, rétt eins og þau skip sem fóru fyrst af stað af aflareynsluskipunum fundu ekki upp trollið heldur byggðu á fyrirliggjandi reynslu á heimsvísu á notkun trolls við veiðar á makríl. Reynt hefur verið að afvegaleiða umræðuna og um leið er lítið gert úr þeirri þróun sem varð á fyrstu árum veiðanna. Staðreyndir málsins eru hinsvegar helstar þær að það tók flotann nærri fimm ár að ná teljanlegum árangri sem leiddi til þess að bátum fjölgaði úr nærri 20 í 130. Viðfangsefni voru helst ný veiðarfæri fyrir íslenskan fiskiskipaflota, ný fiskleitartæki fyrir smærri skipin (sónar), óþekktar veiðiaðferðir og alger óvissa um fiskimið, göngu mynstur á grunnslóð og hegðunarmynstur. Okkur langar því að telju upp helstu atriðin sem þurfti að leysa úr til að árangur væri mögulegur.

- Mið:** Fyrstu árin fóru í að finna mið þar sem makrill tæki króka en gríðarlegur tími og kostnaður fór í að leita að skilyrðum og svæðum sem gæfu veiði. Fyrstu árin var aflinn afar dræmur þar sem mánuðir á hverju bát leið l hjá þar sem þvælst var um allt frá Austfjörðum, vestur fyrir land og norður í Húnaflóa. Ekki bætti það úr að fiskkaupendur voru ekki tilbúinir að taka þátt í því að kaupa afla sem ekki var víska fyrir um að bærist að landi í einhverju magni. Því var landað á markað og verðið var aðeins nokkrar krónur ef hann þá seldist, eitthvað var fryst í beitu. Það varð til þess að þeir sem veiddu fóru að reyna þróa vöru sem gefið gæti gott verð, enda hráefnið mjög gott. Má sem dæmi nefni flökun og reykingu.  
Að standa fyrir opnu hafi með engar heimildir um hvar mögulegt væri að finna makríl sem taka myndi króka er gríðarlega vanmetin staða. Við fórum allir í gegnum það að hanga dögum saman yfir torfum sem ekkert kom upp úr. Stærri handfæraskipin sóttu langt frá landi mánuðum saman án þess nokkurn tímann að koma heim með afla sem jafnaðist á við olíu reikninginn einan. Árið 2010 var samið við tvo norska skipstjóra um að koma til Íslands til að miðla af reynslu sinni, þeir voru mjög undrandi á því hve hegðunarmynstur Makrils við Ísland var ólíkt því sem þeir þekktu við Noreg.
- Veiðiaðferðir:** Aðferðir við veiðar voru í fyrstu byggðar á þekkingu Norðmanna og tók eðlilega mið af veiðisvæðunum út af Noregi. Það koma snemma í ljós að þær gengu ekki nægjanlega vel en helsta skýringin á því að okkar mati er sú að torfurnar vestur af Noregi virðast talsvert stærri en þær sem koma nærri landi hér. Rannsóknir Hafrannsóknarstofnunar hafa einnig bent til þess að torfurnar sem koma nærri landi hér séu frekar litlar. Mikill munur varð einnig á veiðinni þegar menn lærðu betur á hegðunarmynstur makrils yfir sólarhringinn. Fyrstu árin voru svo margar hugmyndir á lofti um birtu, straua, fallaskipti o.s.frv. sem myndu hafa ýmiskonar áhrif á veiðanleika að það tæki heila ritgerð til að gera grein fyrir flestum tilgátum sem voru reyndar og margt er enn til skoðunar. Annað sem gengið er að vísu í dag varð til við þróun fyrstu árin. Þegar nokkur af helstu atriðinum virtust skila góðum árangri varð mikill munur á árangri við veiðarnar. Veiðin er flókin og það er ástæða fyrir því að enn í dag er munur á árangri skipa við veiðar gríðarlegur þar sem aflahæstu skipin ná yfir 200 tonnum en þeir sem

ekki finna taktinn ljúka vertíðinni með nokkur tonn jafnvel þó mikil sókn liggja að baki. Það er nefnilega þannig að þegar búið er að finna upp hjólið þá er litið á það sem almenna þekkingu, veiðiaðferðir við Ísland voru svo við vitum til ekki fluttar inn frá Noregi nema af takmörkuðu leiti.

3. **Búnaður:** Búnaður (slítarar og keflabúnaður) til færaveiða á makríl er ekki notaður við neinar aðrar fiskveiðar við landið, þeir sem fyrstir voru á makrílveiðum fóru erlendis til að kynna sér þann búnað sem þróaður hafði verið í Noregi til færaveiða á makríl. Þekking erlendis var því yfirfærð til Ísland með minniháttar breytingum þar sem aðstæður við Ísland eru að hluta til öðruvísi en við Noreg. Í Noregi eru skipin útbúin tönkum sem er dælt úr en við notumst við fiskikör, því þurfti að gera mælingar á gæðum m.t.t. hlutfalla af ís, sjó og salti við geymslu í bátunum. Talsverður floti stærri sálskipa hefur reynt krókaveiðar á makríl, því miður hefur það kosta mikið og árangurinn verið lítill. Sumir telja skipin of hávær á grunnu vatni og ekki nægjanlega lipur til veiða í minni torfum eins og eru við Ísland. Einnig hafa nokkrir aðilar verið í nánú samstarfi við Slippinn DNG við þróun nýs búnaðar til makrílveiða.
4. **Fiskleitartæki:** Hringsónar er tæki sem fæst minni skip eru útbúin með en afar mikilvægt við veiðar á makríl þar sem fiskurinn ferðast í torfum í efsta lagi í sjónum. Á þessum árum var ekki verið að setja hringsónara í smábáta, og það að setja sónar í fyrsta bátinn kostaði margfalt meira en fyrir þá sem eftir komu. Ákveðna hönnun og útsjónarsemi þurfti til að setja svona tæki í bát af þessari stærð. Skipstjórar þurftu að tileinka sér notkun minni hringsónara sem verslanir fiskveiðitækja á Íslandi höfðu ekki selt mikið af, í sameiningu varð til aukið framboð og þekking á notkun tækjanna.

Þegar vel er að gáð, sést nefnilega mjög snemma að það er ástæða fyrir því að það tók jafn langan tíma og sagan sannar fyrir handfæra skipin að flykkjast á makrílveiðar. Þróunin var erfið og mjög dýr, kostnaðurinn og áhættan var öll borin af þeim sem fyrstir stunduðu veiðar og höfðu þrautseigju til að ljúka verkinu. Margir hafa velt því fyrir sér hvort nefna skuli þetta verk brautriðjendastarf, frumkvöðlastarfsemi o.s.frv. við höfum ekki viljað blanda okkur í þá umræðu, en eitt er víst, hópur skipa fór í gegnum áður nefnda þróun hvaða nöfnum sem aðrir ákveða að kalla það, það vildu fáir taka á sig verkið en vonir þeirra sem það gerðu stóðu og standa enn til þess að erfiðrið verði metið. Gjarnan hefur verið horft til greinar í lögum 151/1996 sem hefur verið helsti grunnur stjórnar veiða á makríl þar sem segir að ráðherra hafi heimild til að úthluta sérstaklega allt að 5% af heildarafli til þeirra sem fyrstir hófu veiðar. Í frumvarpinu er horft til þessarar reglu og fyrir það erum við þakklátir en jafn leiðinlegt er að fylgjast með þegar tilraunir eru gerðar til þess að gera lítið úr framlagi þeirra sem fyrstir sóttu í makríl og helst með því að afvegaleiða umræðuna með einföldum og gjarnan röngum fullyrðingum um að allt áður nefnt hafir verið flutt inn frá Noregi. Núverandi frumvarp gerir ráð fyrir að 5% sé lagt til þeirra sem fyrstir fóru til handfæraveiða, það jafngildir að þeir sem fyrstir voru skipta með sér um 350 tonnum af makríl. Ýmsar tölur hafa verið nefndar um verðmæti veiðiheimilda í makríl, flestar gríðarlega háar en ef horft er til þess kostnaðar sem varð við þróun veiðanna, fjölda skipa og tími að veiðum árum saman sem skilaði tapi er augljóst að verðmæti 350 tonna fer ekki upp í nema hluta þess kostnaðar sem sannarlega varð til við þróun veiða.

Hornafirði 1. júní 2015

Virðingafyllst

*Fyrir hönd Smærri útgerðar sem stundað hafa makrílveiðar á línu og handfærum*

Bryndís Hólmarsdóttir

Framkvæmdastjóri Erps ehf